

Skólamenningarfundir 5.-7.bekkur

Samantekt miðstigs:

Nemendum á miðstigi finnst flestum góð skólamenning í Álfhólsskóla. Þeim finnst góð samskipti milli nemenda og kennara og góðar reglur við lýði. Í einhverjum tilfellum geti þó vinnufriður og samskipti verið betri og að nemendur mættu vera jákvæðari. Nemendur eru sammála um að þeir vilji ekki hafa ofbeldi, einelti, stríðni eða neikvæð samskipti í skólanum. Þeim finnst mikilvægt að virða mörk hvers annars og fylgja reglum. Nemendur á miðstigi eru með margar góðar hugmyndir að því hvernig megi efla jákvæða skólamenningu, t.d. hópefli og samvera, jákvæðni, koma betur fram við hvort annað, hafa góðan vinnufrið og efla jákvæð tengsl milli kennara og nemenda.

Samantekt árganga:

Nemendur í 5.bekk upplifa að það sé almennt mjög góð skólamenning í Álfhólsskóla. Þeim finnst menningin einkennast af trausti, jákvæðni, vinnufrið, góðum samskiptum og hlýju. Einhverjir þurfi þó að passa betur hvað þeir segi því það sé stundum verið að stríða öðrum. Nemendur í 5.bekk eru sammála um að þeir vilja ekki hafa einelti, ofbeldi, vanlíðan, hávaða, agaleysi né neikvæð samskipti. Þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að segja takk og fyrirgefðu og að nemendur virði mörk hvers annars. Til þess að bæta skólamenninguna leggja þeir til að nemendur komi almennt betur fram við hvern annan, leiki saman, hjálpist að, hegði sér í tímum og beri virðingu fyrir öðrum.

Nemendur í 6.bekk upplifa að skólamenningin sé almennt góð í Álfhólsskóla, flestir séu góðir vinir, það séu góðar reglur við lýði og góðir kennarar. Aftur á móti upplifa þeir að stundum sé vinnufriður ábótavant, samskipti nemenda gætu stundum verið betri og betri vinnufriður í kennslustundum. Þá kemur frá hjá nemendum að þeim finnist stundum of mikil neikvæðni og kvart undan námsefinu í hópnum. Einnig kemur fram að sumir séu að nota salernisferðir til þess að losna undan kennslustundum sem valdi bæði truflun og leiðindum. Nemendur eru sammála um að þeir vilji ekki hafa ofbeldi, einelti, stríðni eða neikvæð samskipti í skólanum. Þeim finnst mikilvægt að virða mörk hvers annars og fylgja reglum. Þá langar nemendur einnig að hafa lengri frímínútur. Nemendur í 6.bekk koma með margar góðar hugmyndir um það hvernig megi efla góða skólamenningu, t.d. með fleiri vettvangsferðum, betri samskiptum, framkomu og hegðun, meiri jákvæðni, hópefli og samveru. Þeir leggja áherslu á að bera virðingu fyrir hver öðrum, ekki vera að trufla í kennslustundum né hanga á klósettinu að óþörfu. Sumir telja þörf á að nemendur komi með hollara nesti en aðrir vilja minna af fiski, fá kakósúpu á ný og sparinesti oft.

Nemendur í 7. bekk upplifa að skólamenningin sé almennt frekar góð en eru flestir sammála um að hún gæti verið betri. Þeir tala um að það sé mikil klíkumyndun og drama innan og á milli hópa. Eins tala nemendur um neikvæðni gagnvart skólanum og starfsfólki. Nemendur í 7.bekk eru sammála um að þeir vilji ekki hafa einelti, ofbeldi, formdóma, virðingaleysi, neikvæð samskipti eða drama. Einnig kemur fram að þeir vilji ekki hafa mikil læti í kennslustundum. Eins

kemur fram mikilvægi þess að þeir séu ekki verðlaunaðir af ástæðulausu t.d. gefinn frjáls tími af tilefnislausu því það gefi þeim óraunhæfar væntingar til framtíðar. Nemendur í 7.bekk eru með margar góðar hugmyndir um hvernig megi gera skólamenninguna betri. Þeir leggja mikla áherslu á að draga úr klíkumyndun og drama, t.d. Með því að fara öll saman í leiki í frímínútum og vera með markvisst hópefli. Eins kemur fram mikilvægi þess að kynnast samnemendum betur og ekki alltaf vera með bestu vinum í hópavinnu. Það er nauðsynlegt að nemendur séu góðir við hvern annan, komi fram af virðingu, ræði málin og takist á við samskiptavanda til að koma í vega fyrir drama. Þá kemur fram að nemendur þurfi að leggja sig fram við að gefa góðan vinnufrið og nýta kennslustundir til fulls. Þörf er á að minnka matarsóun og bæta hegðun í matsal. Eins telja nemendur brýnt kennarar séu jákvæðir og í góðu skapi, þeir geri sér far um að brjóta upp kennsluna og gera skólastarfið áhugavert og skemmtilegt. Þörf er á að gera vallartöflu fyrir fótboltavöllinn í frímínútum og huga að skipulagi varðandi rólur og trampólín.